



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Hof

2024 – 2025



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024	4
3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025	5
4 Innra mat Svörtu og Hvítudeildar/deilda 2023-2024	8
5 Innra mat sérkennslu.....	12
5 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn	15
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	17
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	17
8 Foreldrasamvinna.....	17
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	18
10 Fylgiskjöl	19
10.1 Umbótaáætlun deilda 2024-2025	19
10.2 Umsögn foreldraráðs.....	25





Leiðarljós leikskólans

1 Greinargerð leikskólastjóra

Í skólanum er alltaf líf og fjör, alla daga, allt árið. Skólinn er einstaklega líflegur vinnustaður þar sem daglegar áskoranir eru þó töluverðar. Við á Hofi erum heppin með starfsmannahóp, þar vinnur gott fólk með fallega sýn á lífið og tilveruna.

Haustið 2023 fór frekar hægt af stað, töluverðar breytingar urðu í starfsmannahópnum, deildarstjórar sem unnu höfðu í skólanum í áratugi snéru til annarra starfa auk annarra kennara og leiðbeinanda. Því miður tók nokkurn tíma að fylla í skörð þessa góða fólks og var komið fram yfir áramót þegar það loksins tókst. Það var því eitthvað um að skerða þyrfti vistun barna á haustmánuðum en um leið og við náðum að fylla húsið af starfsfólki varð starfsemin traustari. Sumarið '23 og aftur um haustið var farið í töluverðar endurbætur á lausu stofunum okkar. Í nóvember og desember var starfsemin flutt í Safamýrarskóla og meðan var heilmikið endurnýjað í húsnæðinu. Í janúar '24 tóku við framkvæmdir í aðalbyggingu, börn og kennarar af tveimur deildum fluttu í Safamýrina og á meðan voru öll salerni í húsinu endurnýjuð. Nokkrar tilfærslur urðu innan dyra þegar yngri deildir fluttu sig til í húsinu en að loknum fjórum vikum var allt fallið í fyrra form, allir fluttir heim og ný baðherbergi á öllum deildum, auk starfsmannasalerna.

Vorönnin var notuð í hefðbundin verk eins og öskudagsbúningagerð og Flakkarar undirbjuggu sig fyrir Barnamenningarhátíð sem þau taka þátt í á hverju vori. Farið var reglulega í útinám á öllum deildum.

Snemma vors hófum við samstarf við hverfisskólana fjóra en þeir eru allir Regnbogavottaðir og höfum við nú sameinast í þrjú ár í Gleðigöngu sem farin er um hverfið. Um miðjan maí er Regnbogavika í skólanum þar sem ýmis verkefni tengd fjölskyldum og heimameningu er gerð góð skil, við fáum fræðslu frá samtökum '78 fyrir tvo elstu árgangana og nú í fyrsta skipti hittu börnin á Hofi börn úr 1. og 2. bekk og unnu saman að skrauti fyrir gönguna. Gangan sjálf er farin sem næst 17.maí sem er alþjóðlegur forvarnardagur gegn samkynhneigðum. Þá fara öll börn á Hofi, 1. og 2. bekkur í Laugarnesskóla, Laugasól og 7. bekkur úr Laugalækjarskóla í göngu út í Laugardal þar sem allir hittast og haldin er lítil skemmtun. Að þessu sinni voru það Leikhópurinn Lotta og Sigga Ósk söngkona sem skemmtu hópnum. Allir eru sammála um að þetta samstarf sé gjöfult og ánægjulegt og komið til að vera.

Vorið hefur verið kalt og sumarið aðeins látið bíða eftir sér en við erum kát og glöð eftir góðan vetur þrátt fyrir allt. Starfsmannahópurinn mun að mestu halda áfram næsta vetur og búið er að ráða einn nýjan deildarstjóra í hópinn. Ný námskrá mun taka mikið pláss í dagskrá skipulagsdaga næsta haust en á vorönn var unnið í margskonar hópum og teyrum svo sú vinna er komin vel af stað. Einnig er verið að vinna að Læsisstefnu í flestum skólum Norðurmiðstöðvar og áætlað að hún komi út um leið og ný námskrá um næstu áramót.

Við horfum björtum augum til næsta vetrar og hlökkum til að vinna með nokkurn veginn sama starfsmannahópnum og flottum barnahópi að enn betra leikskólastarfi.





2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024

Innra mat

Hvað var metið? Foreldrasamstarf	
Hvernig fór matið fram?	Foreldrakönnun um upplýsingastreymi
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Foreldrar á tveimur deildum, 30% svarhlutfall.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Foreldrum fannst að bæta mætti móttöku í upphafi dags og auka upplýsingar um hvernig gekk yfir daginn. Almennt eru foreldrar ánægðir en alltaf er hægt að gera betur.

Hvað var metið? Grænu skrefin	
Hvernig fór matið fram?	
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Einungis var hugað að byrjuninni, skólinn skráður hjá Grænum skrefum en ekki vannst tími til að setja af stað umhverfisteymi eða skoða gátlistana. Námskrágerð var tekin fram fyrir. Verkefnið fer í gang um leið og vetrarstarf hefst haustið 2024

Hvað var metið? Móttökuáætlun fyrir nýtt starfsfólk	
Hvernig fór matið fram?	
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Stjórnendur
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Leikskólastjóri þarf að fylgja betur eftir að hafa viðtöl á og í lok reynslutímabils. Stjórnendur eru þó aðgengilegir á vinnutíma og hafa mikla viðveru á staðnum og veita viðtöl um leið og ósk kemur um samtal.

Hvað var metið? Samskipti innan leikskólans	
Hvernig fór matið fram?	Í starfsmannakönnun
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Allir starfsmenn
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Í starfsmannakönnun kemur fram að starfsandi er góður, hækkar á milli ára, allir þættir sem meta samskipti á milli starfsmanna og á milli starfsmanna og yfirmanna hækkar og er hærri en meðaltal. Alltaf má þó gera betur





	og verður sérstaklega unnið með þá þætti sem lækkuðu á næsta skólaári
--	---

Ytra mat

Hvað var matið?	
Hvernig fór matið fram?	Starfsmannakönnun – stofnun ársins
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsmenn fengu könnun senda í tölvupósti,
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Frekar lágt svarhlutfall var á meðal starfsmanna og gefur því ekki alveg nógu skýra mynd af stöðunni. Þeir sem svara eru mjög jákvæðir og margir þættir skora hátt, flestir þættir yfir meðaltal borgarinnar. Helst ber að skoða streitu og álag, öryggi á vinnustað og hljóðvist sem skorar lágt eða lækkar á milli kannana

3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025

Þeir þættir sem eru metnir yfir allan leikskólann í heild sinni eru aðrir en þeir þættir sem deildir leikskólans eru að meta.

Stjórnun- mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Læsi
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Unnið verður að innleiðingu læsis í víðum skilningi í tengslum við menntastefnu Reykjavíkur.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Skrif á sameiginlegri læsi stefnu Norðurmiðstöðvar.
Ábyrgð	Aðstoðarleikskólastjóri og verkefnastjóri/sérkennslustjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haut 2024
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Gátlistar menntastefnu. Umræður á læsisteymisfundum og skipulagsdögum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem	Ný læsi stefna leikskóla Norðurmiðstöðvar.





stuðst er við til að meta hvernig
tókst að ná markmiði

Stjórnun-
mannauður/leikskólabragur-
innra mat Grænu skref
Reykjavíkurborgar

Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s.
stjórnun, uppeldis og menntastarf,
mannauður/leikskólabragur, innra
mat)

Að innleiða Grænu skref Reykjavíkurborgar.

Tækifæri til umbóta-Að hverju er
stefnt?

Fara yfir gátlista grænu skrefanna og gera úrbætur á því
sem er ábótavant þar.

Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að
framkvæma það?

Gátlistar rænu skrefanna.

Ábyrgð

Leikskólastjóri/aðstoðarleikskólastjóri

Hvenær hefst og hvenær eru áætluð
lok?

Haut 2024 -vor 2025

Hvenær og hvernig á að meta?
Hvaða aðferðir á að nota við matið
(t.d. könnun, rýnihópur, fundir,
viðtal við börn)

Á deildarstjóra- og deildarfundum.

Viðmið um árangur-Viðmið er
gæðalýsing og/eða mælikvarði sem
stuðst er við til að meta hvernig
tókst að ná markmiði

Að árangur náist í grænu skrefunum og að gátlistar komi
betur út að vori en hausti.





Stjórnun- mannauður/leikskólabragur- innra mat Námskrá	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Skrifa nýja námskrá
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Fara yfir gömlu námskránnu og breyta og bæta.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Gamla námskráin endurmetin með aðkomu allra starfsmanna.
Ábyrgð	Leikskólastjóri/aðstoðarleikskólastjóri/starfsmenn
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haut 2024
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Á skipulagsdögum, deildarfundum og deildarstjórafundum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Útgáfa nýrrar námskrár.





4 Innra mat

Innra mat Svörtu og Hvítudeildar/deilda 2023-2024

Heilbrigði og vellíðan

Við vorum með vikulega undirbúningsfundi fyrir ferðir hjá báðum hópum, þeir gengu mjög vel og veittu börnunum og starfsfólki öryggi fyrir því sem hópurinn var að fara að taka sér fyrir hendur. Þó var öðru hvoru gripið í púltið og það gekk vel, börnin voru einstaklega og sátt og áhugasöm með það. Að vera með myndir sem sýna ólíkar tilfinningar kom vel út og börnin dugleg að samsama sig við myndir og finna úrræði sem þeim hentaði. Markvissar hreyfistundir voru þegar við vorum uppi í Safamýri þá voru þessar stundir einu sinni í viku og gengu mjög vel. Við náðum ekki að fylgja þessum stundum eftir þegar við komum til baka niður á Hof. Við vorum oft með hópleiki í útiverunni og enduðum útiveruna mjög oft á hlaupaleik. Ferðir með árgangi 2018 gengu mjög vel og var ýmis þemavinna í gangi í vetur. Þau unnu með hvað þau ætla að vinna við þegar þau verða fullorðin og fóru í heimsóknir tengdum því. Eins unnu þau með fjögur skólastig og fóru í heimsóknir í u.þ.b. tvo skóla á hverju stigi. Þessi verkefni heppnuðust einstaklega vel og mikill áhugi í hópnum sem og þeim sem tóku á móti okkur. Ferðir með yngri hópinn árgangur 2019 gengu einnig mjög vel en sá hópur vann með þemavinnu um heimilið sitt og nærumhverfi Hofs ásamt því að fara í heimsóknir á nokkur söfn. Sameiginlegar ferðir þvert á deildir voru nokkrar en það mætti auka þær næsta skólaárið sem og samstarf árganga.

Læsi

Það var lesið mjög mikið á deildinni bæði í litlum og stórum hópum. Erfið orð úr bókum hafa verið rædd og útskýrð. Bækur eru mjög sýnilegar og aðgengilegar fyrir börnin. Við unnum mikið með hljóðkerfisvitund í samverustundum og hvíldinni. Gefðu 10 hefur gengið vel en skráning ekki verið nógu góð og þarf að bæta úr því sem og að hafa orðaspjall markvissara til að auka orðaforða og skilning. Það er stefnan að vinna markvissara með þetta næsta vetur.

Foreldrasamstarf

Vikulegir póstar hafa verið sendir til foreldrar þar sem tíundað var hvað var gert og hvað væri fram undan. Myndir voru sendar vikulega til foreldrar bæði á facebook deildarinnar og í tölvupósti. Eitt fast foreldraviðtal var á haustönn og viðtölin á vorönn voru valfrjáls. Foreldrar gátu síðan óskað eftir aukaviðtölum þess fyrir utan. Elstu börnin fengu síðan viðtal með foreldrum sínum vegna skólaskila og þau komu mjög vel út og börnin sérlega áhugasöm. Foreldrakönnun var send út í lok vorannar það sem spurt var um eftirfarandi: Hvernig finnst þér upplýsingastreymið hafa verið á deildinni? Hvernig upplifir þú samskiptin við starfsfólk í upphafi og lok dags? Hefur þú fengið nægar upplýsingar um hvernig barninu þínu gengur yfir daginn? Hvernig finnst þér aðgengi að deildarstjórum hafa verið? Einnig gátu foreldrar skrifað stutt skilaboð. Svarhlutfall var rúmlega 30 % sem er ágætt að okkar mati. Heilt yfir kom könnunin vel út en það sem mátti helst bæta samkvæmt foreldrum var móttaka og kveðjur og upplýsingar um gengi barnsins yfir daginn. Þessi könnun styrkir okkur í áframhaldandi vinnu og ætlunin er að vinna betur að því sem foreldrar telji að megi bæta.





Innra mat Guludeildar 2023-2024

Heilbrigði og vellíðan:

Við vorum dugleg að fara í útinám í vetur, fórum í okkar helsta nærumhverfi. Eldri árgangur fór í heimilisheimsóknir og ferðir utan hverfis í ýmis söfn. Báðir árgangar fóru mikið í ferðir um hverfið að skoða opin leiksvæði og aðra skemmtilega og áhugaverða staði í hverfinu. Við skráðum nokkrum sinnum 0-5 skráningu fyrir barnahópinn.

Læsi:

Við vorum mikið að vinna með læsi í vetur. Vorum með markvissar Lubbastundir í vetur þar sem við lögðum inn máhljóð vikunnar. Í tengslum við Lubbastundir notuðum við einnig Orðaspjall, þar var Lubbi sendur heim ásamt bók fyrir foreldra að lesa með barninu sínu og saman völdu þau orð fyrir vikuna. Við erum búin að vera dugleg að lesa fyrir börnin, bæði í skipulögðum lestrarstundum og í frjálsum leik.

Foreldrasamstarf:

Foreldrasamstarf hefur gengið vel, foreldrar hafa fengið fræðslu í gegnum facebook frá Gráudeild. Þeim var boðið uppá viðtöl bæði á haustönn og vorönn, ásamt því gátu foreldrar alltaf óskað eftir samtali við deildarstjóra.

Innra mat Rauðudeildar 2023-2024

Heilbrigði og vellíðan:

Tekin var ákvörðun að hausti 2023, þegar ljóst var að talsvert mörg ung börn voru að byrja á deildinni, að öll börn á Rauðudeild myndu borða inni á deild fram að áramótum og kennarar skammta þeim á diska. Þetta var gert til einföldunar vegna álags sem myndaðist í aðlögunartímabilinu. Um áramót var farið að bjóða börnum fæddum 2021, alls 9 börn af 16 á deildinni, að fara í matsal og taka þátt í hádegismat þar með Bláu, Grænu og Guludeild. Þá fóru þau að skammta sér sjálf á diskana og gengur vel. Börnin eru jákvæð gagnvart því að fara í matsalinn og borða yfirleitt vel af því sem þau skammta sér. Kennari situr enn með yngri börnunum við borð inni á deild og skammtar þeim að mestu leyti, þó þau fái stundum að spreyta sig sjálf. Við stefnum á að næsta haust, þegar þau hafa flest öll náð um 2,5 ára aldri, fari þau einnig að bætast í hópinn í matsalnum.

Læsi:

Við höfum haft reglulegar Lubbastundir og einnig nýtt okkur Orðaspjall aðferðina eftir áramót með góðum árangri. Gefðu 10 hefur ekki gengið nógu vel á Rauðudeild í vetur. Í daglegum öllum hefur okkur öllum þótt mikil áskorun að finna tíma til að setjast niður með einu barni í einu, þó það eigi bara að vera 10 mínútur. Við viljum þó gera betur. Þrátt fyrir að þessum umbótaþætti hafi ekki verið sinnt vel í vetur stefnum við að því að bæta okkur með því að skipta dögum vikunnar niður milli kennara/starfsmanna. Þannig myndi einn kennari "eiga" mánudaga osfrv. og þá frekar muna eftir að koma Gefðu 10 stund að, amk fyrir eitt barn þótt fleiri væru ákjósanlegast. Við höfum þegar bætt við skráningarmöppu fyrir Gefðu 10 stundir undir dagbókina okkar sem er á augljósum stað til þess að auðvelda skráningar.





Foreldrasamstarf:

Sendir voru út vikulegir upplýsingapóstar til foreldra og auk þess haldið úti facebook hópi sem nýttur var til að veita upplýsingar. Boðað var til foreldraviðtala á bæði haustönn og vorönn og allir foreldrar nýttu sér það, sem okkur þótti alveg frábært. GSM sími deildarinnar hefur einnig nýst til samskipta. Haldið var foreldrakaffi og fjölskyldukaffi á skólaárinu og bæði voru vel sótt og var andrúmsloft jákvætt að okkar mati. Okkur hefur þótt ganga sérlega vel í foreldrasamskiptum í ár.

Innra mat Bláudeildar 2023-2024

Megináherslan á deildinni í vetur var að ýta undir sjálfsprottinn leik og gefa honum góðan tíma. Matartímar eru á föstum tímum en dagskipulag annars sveigjanlegt. Allir matartímar eru í flæði frammi í matsal og frjáls leikur og róleg stund inni á deild á meðan. Leikefni og ýmis efniviður eru sýnileg og aðgengileg. Uppröðun á deildinni hefur verið endurskoðuð reglulega yfir veturinn, og reynt að skapa sem best svæði fyrir leik.

Í vetur varð til ákveðið þema á deildinni – eldgos, sem varð til út frá áhuga barnanna eftir að hafa fylgst með jarðhræringum á Reykjanesskaga í vetur. Það hefur líklega ýtt undir þennan áhuga að hafa jarðeðlisfræðing starfandi á deildinni. Við höfum stundum fylgst með streymi frá eldstöðvunum og í eitt skipti vissum við af nýju gosi um leið og það byrjaði og gátum fylgst með því frá upphafi. Fræðibók um eldgos hefur mikið verið skoðuð og á veggjunum hanga uppi myndir af eldfjöllum og skýringarmyndir. Börnin hafa teiknað eldgosamyndir og eldgos hafa mikið komið upp í leik, t.d. í stórum kubbum og einingakubbum. Öll börnin tóku þátt í að gera eldfjall úr saltleir. Þegar eldfjallið var tilbúið héldum við leynilegar kosningar þar sem börnin fóru eitt í einu inn í kjörklefa, merktu við hvaða lit þau vildu hafa á eldfjallinu sjálfu annars vegar og á grasinu í kring hinsvegar, og settu síðan sitt atkvæði í kjörkassa. Þessu verkefni lauk með því að láta eldfjallið gjósa með matarsóða og ediki.

Heilbrigði og vellíðan

Umbótaþátturinn Heilbrigði og vellíðan snýr að andlegri heilsu og vellíðan, félagslegri og líkamlegri. Þau tækifæri til umbóta sem unnið var með þennan vetur voru:
Að gera 0-5 skráningar reglulega yfir veturinn. Það var skráð tvisvar í vetur á deildarfundum, einu sinni fyrir og eftir áramót.

Að hafa myndir sýnilegar með ólíkum tilfinningum, syngja lög og lesa bækur um tilfinningar. Tilfinningarmyndir hafa verið uppi á vegg í allan vetur. Við höfum líka unnið með tilfinningar á ýmsan hátt, en hefði getað verið meira og markvissara.

Markvissar hreyfistundir. Við höfum mikið boðið upp á hreyfingu. Þá daga sem við eigum hreyfisvæðið er það alltaf vinsælt og vel nýtt. Auk þess hefur mikið verið hreyfing inni í herbergi, t.d. tónlist, dans, jóga, ruggubretti, boltar o.fl. Þessar stundir hafa fyrst og fremst verið leiddar af börnunum en minna kennarastýrðar.





Læsi

Það hefur verið mikið lesið inni á deild og börnin leita flest í að skoða bækur sjálf og hlusta á bókalestur. Í vor skráðum við í nokkrar vikur hvort hefði verið lesið fyrir hvert barn á hverjum degi. Þannig sáum við hver leituðu minna í að láta lesa fyrir sig.

Við höfum notað Gefðu 10 fyrir börn sem hafa fleiri en eitt tungumál og þau sem þess hafa þurft af öðrum ástæðum. Það hefur að mestu gengið vel að gefa börnunum þennan tíma yfir daginn, en skráningar hafa gengið verr og ekki verið nógu markvissar.

Á tímabili vorum við með Lubbastundir einu sinni í viku, en komumst yfir færri málhljóð en við hefðum viljað. Við stefndum að því að senda Lubbabangsa og bók einu sinni heim með hverju barni í eldri árganginum eftir áramót. Við byrjuðum á þessu verkefni en svo gekk illa að finna bækur sem pössuðu og þetta datt niður. Bæði Gefðu 10 og Lubbastarf verða áfram í umbótaáætlun deildarinnar, þar sem vinna má betur og markvissar með þessa þætti næsta vetur.

Útinám

Markmiðið var að hafa markvisst útinám á deildinni og auka umhverfislæsi. Við fórum bæði í ferðir með alla deildina og skipt eftir árgöngum. Auk þessara ferða vorum við með mánaðarlega matartíma úti með Rauðudeild. Flestir voru í kaffitímanum, þar sem við grilluðum samlokur, ristudum brauð, steiktum vöflur, hituðum saft eða kakó, eða einfaldlega smurðum það sem annars var í boði. Eitt skipti grilluðum við pylsur í hádegismatinn. Þetta var ákaflega skemmtilegt, góð tilbreyting og vel heppnað samstarf.

2021 árgangurinn fór aðra hverja viku í sameiginlegar ferðir með jafnöldrum á Rauðudeild. Það tókst mjög vel til og ýtti undir tengsl innan árgangsins. Fyrstu ferðirnar voru stuttar ferðir í næsta nágrenni við leikskólann þar sem börnin lærðu inn á reglur í ferðum. Ferðirnar urðu síðan smám saman lengri eftir því sem leið á veturinn. Hópurinn fór í eina heimsókn í bókasafn Laugarnesskóla.

2020 árgangurinn fór í ferðir bæði í næsta nágrenni skólans og aðeins lengri ferðir, en flestar innan Laugardalsins. Fyrir áramót voru ferðirnar stopulli en í vor hefur verið farið flestar vikur og ferðirnar almennt gengið vel. Hópurinn fór í tvær bókasafnsheimsóknir í vor, bæði í Borgarbókasafn í Sólheimum og í Grófinni.

Innra mat Grænudeildar 2023-2024

Heilbrigði og vellíðan

Barnafundur til að ræða tilfinningar og samskipti gengu vel þegar þeir voru haldnir. Börnunum fannst gott að segja frá hvernig þeim leið og hvað mætti bæta að þeirra mati. Oft sköpuðust góðar og djúpar umræður. Oft gekk betur að fara eftir reglunum eða hugmyndunum sem ræddar voru á fundunum. Markvissa hreyfingin fólst aðallega í vikulegu útinámi, sem og vikulegum jógatímum í minni hópum frá áramótum. Það gekk vel og börnin voru flest áhugasöm um jóga. Við höfðum aðgang að íþróttasal í einn mánuð og þá var hreyfingin í miklu fyrirrúmi.

Læsi

Það var lesið mikið fyrir börnin á deildinni í vetur, bæði í minni og stærri hópum. Í nokkra mánuði vorum við með skráningar á hvaða börn var lesið fyrir svo það var góð yfirsýn yfir börnin sem sóttust ekki sérstaklega í að láta lesa fyrir sig og auðveldlega bætt úr því.





Gefðu 10 var mikið og markvisst notað í vetur með börnum sem þurfa sérstaklega á því að halda en skráningarnar gleymdust oft í amstri dagsins. Vorum ekki nógu dugleg með allan hópinn. Ritmál var ágætlega sýnilegt en gæti verið meira.

Foreldrasamstarf

Foreldrasamstarf gekk ágætlega í vetur. Allir foreldrar mættu í foreldrasamtöl í des/jan og nokkur þáðu boð um samtal að vori. Fleiri samtöl voru tekin eftir þörfum, sum í persónu og önnur í síma. Deildarstjóri var sífellt að gefa tækifæri og minna á hafa samband eða ræða við starfsmenn um það sem ræða þurfti. Vikulegir póstar fóru oftast út en ef lítið var að fréttu, engar tilkynningar og lítt til tími til skrifa fékk vikupósturinn að sitja á hakanum.

Starfsmönnum gekk misvel að koma skilaboðum frá foreldrum áleiðis og eðlilega setti það strik í reikninginn. Foreldrar voru ekki á allt ánægðir með upplýsingaflæði en við tókum öllum ábendingum alvarlega og bættum okkur.

5 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2023-2024

Veturinn 2023 - 2024 hafa tveir kennarar skipt með sér 100% stöðu sérkennslustjóra, annar í 80% starfi og hinn í 20%. Þetta skólaárið komu 10 starfsmenn að stoðþjónustu leikskólans í mismikilli prósentu. Erfiðlega gekk að ráða inn og er sérkennslan ekki fullmönnuð. Mikið var um brottfall starfsmanna sérkennslu þetta skólaárið. Sérkennslan í Hofi er sniðin eftir þörfum hvers og eins barns og unnið er út frá niðurstöðum skimunarlista og/eða greiningum. Ýmist er unnið með börnin í hópum eða einstaklingslega og fer það eftir barninu sjálfu og/eða niðurstöðum greininga. Barn í atferlistþjálfun er til að mynda eitt með stuðningsaðilanum sínum ýmist inni á deild eða í þjálfunarstund sem og ef um máltjáningsröskun er að ræða, önnur málörvun er oftast unnin í hóp. Menntun án aðgreiningar er alltaf höfð að leiðarljósi. Öll börn í sérkennslu eru með stuðningsáætlun og hverju barni fylgir dagnóta eftir hverja þjálfunarstund sem er rituð í stílabók og/eða á tölvutæku formi merkt barninu, en þar er hægt að fylgjast með framförum barnsins og hvað hefur reynt auðvelt/erfitt að læra. Stuðningsáætlunin er í stöðugri endurskoðun eftir því sem getan eykst. Hún byggir á styrkleikum og áhugasviði barnsins og þar koma skýrt fram þau markmið sem stefnt er að, leiðirnar sem hægt er að fara að settum markmiðum og upplýsingar um hvernig meta eigi árangur. Deildarstjórar, stuðningsaðili, ráðgjafar og foreldrar hafa aðgang að stuðningsáætluninni. Sérkennslustjórar sátu fundi/fyrirlestra á vegum Lærdómssamfélagsins þar sem ýmissi fræðslu var miðlað ýmist á milli leikskóla eða frá sérfræðingum.

Þau matsgögn sem stuðst er við í sérkennslu eru: Orðaskil, smábarnalistinn, íslenski þroskalistinn, TRAS, HLJÓM2, EFI-2, AEPS, íslenski máhljóðamælirinn, VB-MAPP, ABLLS-R, PMTO, TEACCH og hæfniramar fyrir fjölbreyttd börn. Í þjálfunarstundum er stuðst við ýmis spil, verkefni og leiki og er sumt af því útbúið í leikskólanum. Annað eru aðkeypt gögn á borð við Orðagull, Leikum og lærum með hljóðin og verkefni frá Fjölbreyttri kennslu. Unnið er í nánú samstarfi við foreldra/forráðamenn barnsins. Haldnir eru reglulega teymisfundir þar sem allir aðilar sem koma að barninu setjast niður og ræða saman um stöðuna og framhaldið. Foreldrar/forráðamenn hafa greiðan aðgang að deildarstjórum og sérkennslustjóra og geta ýmist fengið ráðgjöf og/eða fræðslu hvert sé best að leita ef um frekari aðstoðar er þörf.





Lausnateymisfundir eru haldnir á 4 – 6 vikna fresti. Í þessu teymi sitja leikskólastóri, sérkennslustjórar og deildarstjórar/tengiliður deildar. Reglulega yfir veturinn sitja einnig ráðgjafar frá Norðurmiðstöð (hegðurnarráðgjafi, sérkennsluráðgjafi, talmeinafræðingur og sálfræðingur).

Leikskólinn er í samstarfi við Ráðgjafar- og greiningarstöð, Æfingastöðina og félagsráðgjafa Norðurmiðstöðvar.

Umbótaáætlun sérkennslu 2024-2025

Niðurstöður innra mats sérkennslu skólaárið 2023 - 2024

- Deildarfundir sérkennslu
 - ekki gekk að halda þessa fundi á tveggja vikna fresti sökum manneklu og ójafnvægi í dreifingu á sérkennslubörnum milli deilda. (stórt hlutfall sérkennslubarna var inni á tveimur deildum).
 - Einungis var haldinn einn fundur þetta skólaárið.
 - Deildarfundir sérkennslu verða settir í umbótaáætlun skólaárið 2024 – 2025
- Handbók um sérkennslu Hofs
 - Vinna við handbókina gekk eftir. Á meðan þeirri vinnu stóð kom upp sú hugmynd að útbúa ýtarlegan hugmyndabanka sem myndi auðvelda öllu starfsfólki vinnu við gerð stuðningsáætlana og er þeirri vinnu einnig lokið. Einungis á eftir að kynna handbókina og hugmyndabankann fyrir starfsfólki skólans.

Deild/aldur barna	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Deildarfundir sérkennslu
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Halda deildarfundum sérkennslu einu sinni í mánuði þar sem farið er yfir hvernig þjálfun gengur og aðferðir samþættar.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Halda deildarfundum einu sinni í mánuði.
Ábyrgð	Sérkennslustjóri ber ábyrgð og sér um fundarboð, fundarstjórn og að rituð sé fundargerð.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2024 – maí 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Fundargerð og umræður. Voru haldnir fundir reglulega ?
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Fannst stuðningsaðilum gagnlegt að fá endurgjöf frá öðrum stuðningsaðilum ? Hvernig skilaði það sér inn í starfið ?





Deild/aldur barna	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Stöðufundur með starfsmönnum Snorra (snemmtæk íhlutun)
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Samræma aðgerðir og leiðir að markmiðum. Hvernig gekk vikan og hverjar eru áherslur næstu viku.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Halda 15 mín. stöðufund 1x í viku á föstudagsmorgnum kl. 08.40
Ábyrgð	Sérkennslustjóri sér um fundarboð, fundarstjórn og rituð sé fundargerð
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2024 – maí 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Fundargerð og umræður. Voru fundir haldnir reglulega ?
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Skiluðu fundirnir settu markmiði ? Hvernig skilar það sér inn í starfið ?

Deild/aldur barna	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Fjólubláamappan
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Gefa starfsfólki deilda verfæri og verkferla til að hefja vinnu á 1. stigs þjónustu strax inni á deild án mikils undirbúnings.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Mappa sem inniheldur verfæri, verkferla og fróðleik fyrir starfsfólk deilda um málörvun, hegðun og hreyfingu barna. Gerir þeim kleift að takast á við erfiðari mál og börn sem þurfa meiri aðstoð og utanumhald.
Ábyrgð	Sérkennslustjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2024 – maí 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Umræður við deildarstjóra og annað starfsfólk reglulega yfir veturinn. Hvernig gekk að styðjast við úrræðin sem eru í





(t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	möppunni og hvernig skilaði það sér í vinnu með börnunum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Starfsfólk deilda upplifi sig öruggara í að takast á við þær áskoranir sem þau mæta í vinnu með börnum. Einnig að verkferlar séu skýrir fyrir allt starfsfólk.

Deild/aldur barna	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Kynning á Handbók sérkennslu Hofa til starfsmanna.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Gera starfsfólk meðvitaðra um hvernig sérkennslan gengur fyrir sig, hvaða gögn eru til, hvaða skimanir eru framkvæmdar og hvað þær eru að meta. Hvar nálgast megi þessi gögn og hugmyndir fyrir starfsfólk í gerð stuðningsáætlana.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Halda kynningu á handbókinni og hugmyndabankanum á skipulagsdegi. Í kjölfarið að boða hverja deild fyrir sig á sérstaka kynningu.
Ábyrgð	Sérkennslustjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2024 – janúar 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Umræður um hvernig starfsfólki fannst að fá kynningu á verkferlum sérkennslu.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að starfsfólk upplifi sig öruggara í starfi sínu og þekki betur verkferla sérkennslunnar.

5 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

Mat á málörvun og virkri þátttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn 2023-2024

Veturinn 2023-2024 var tengiliður fjölmenningar í hlutastarfi. Helstu verkefni hans hafa verið að koma að málörvun fjöltyngdra barna í leikskólanum. Mest áhersla er lögð á að málörvunin fari fram





innan deildarinnar í gegnum leik. Hún fer þó einnig fram einstaklingslega utan deildar, allt eftir þörfum barnsins. Tengiliður hefur einnig farið reglulega á deildarfundum í vetur, rætt við starfsfólk um mikilvægi Gefðu 10 stundanna og skráninga á þeim. Ásamt því að vera starfsfólki innan handar varðandi ýmislegt annað sem kemur að málörvun fjöltyngdra barna eins og til dæmis varðandi útfyllingu á hæfnirömmunum og fræðslu fyrir foreldra.

Á deildum er vel staðið að daglegri málörvun og unnið er með grunnorðaforðann í gegnum leik og starf sem að öll börn taka jafnan þátt í, hvort heldur sem það er í stærri eða minni hópum. Unnið með Gefðu 10 á öllum deildum. Stuðst er meðal annars við Orðaspjall, Lubba og verkefni og myndir úr Orðaleik í vinnunni á deildunum. Hæfnirammarnir sem MMS gaf út voru innleiddir haustið 2021 í leikskólanum og eru fylltir út tvisvar á ári fyrir öll fjöltyngdu börnin. Einnig er TRAS, Hljóm-2 og EFI-2 tekið á öllum fjöltyngdum börnum. Þó svo að þær skimanir séu ekki gerðar með þarfir fjöltyngdra barna í huga þá gefa þau samt ágæta sýn á alla þætti máls.

Niðurstöður innra mats fjöltyngdra barna skólaárið 2023 - 2024

Gefðu 10

Síðastliðinn vetur var Gefðu 10 sett í umbótaáætlun gekk sú vinna ágætlega. Allt starfsfólk hefur lesið Gefðu 10 bæklinginn og veit út á hvað það gengur. Misjafnlega hefur þó gengið hjá deildum að skrá stundirnar niður og fylgjast þannig með þeim. Tengiliður hefur útbúið stuðningsáætlanir fyrir nokkur börn og unnið eftir þeim, ásamt því að fylgja umbótaáætlun eftir á deildarfundum deilda og aðstoða deildir eftir þörfum. Vel hefur verið fylgst með framförum barnanna og hafa þær verið mjög góðar. Næsta vetur verður haldið áfram með vinna með umbótaáætlun síðasta vetrar.

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2024-2025

Deild/aldur barna	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Gefðu 10
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að styrkja málörvun fjöltyngdra barna með Gefðu 10 og skrá allar stundirnar.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Allt starfsfólk les Gefðu 10 bæklinginn og vinnur eftir honum. Skráningarblöð vegna Gefðu 10 stunda fyllt út og skilað til tengiliðar. Öll fjöltyngd börn fá Gefðu 10 daglega frá öllu starfsfólki sinnar deildar.
Ábyrgð	Tengiliður fjöltyngdra barna ber ábyrgð á skráningarblöðum, fylgir umbótaáætlun eftir á deildarfundum og aðstoðar deildir eftir þörfum. Allir starfsmenn deilda koma að framkvæmd.





Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2023-maí 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Umræður á deildarfundum skráðar niður: Fá öll börn Gefðu 10 stund daglega? Eru stundirnar skráðar?
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Hefur allt starfsfólk lesið Gefðu 10? Fengu öll fjöltyng börn daglega Gefðu 10 stund? Voru skráningarblöð útfyllt og skilað til tengiliðar?

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Því miður hefur leikskólastjóri ekki náð að taka alla starfsmenn nógu reglulega í viðtöl en starfsfólk er duglegt að leita til stjórnenda og fá alltaf viðtal þegar þeir leita til þeirra. Áhugi er fyrir að prófa örviðtöl oftar en einu sinni á ári og er á dagskrá að prófa það fyrirkomulag næsta vetur.

Starfsþróun starfsmanna var fjölbreytt en ekki ýkja mikil. Helstu námskeið sem starfsfólk sótti var eftirfarandi:

- Útiildun á vegum MÚÚ – fjórir leiðbeinendur
- TRAS – deildarstjóri
- Lilja Ýr hegðunarráðgjafi Norðurmiðstöðvar – allir starfsmenn á skipulagsdegi
- Námskrágerð, Kristín Hildur Ólafsdóttir – deildarstjóri
- Menntastefnumót – allir starfsmenn
- Lærdómssamfélag leikskólastjóra – leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
- Lærdómssamfélag sérkennslustjóra – sérkennslustjórar
- Stjórnendadagur Reykjavíkurborgar – leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
- Farsældardagur Reykjavíkur – leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarf skólanna í hverfinu er byggt á gömlum grunni sem var þróað á fyrstu árum leikskólans og hefur gengið mjög vel. Það sem helst ber að nefna er að leikskólinn heimsækir bókasafn Laugarnesskóla, hinn stjórnendur sem sýnir þeim skóláhúsið og börnin fara í bekkjarheimsókn á vorönn. Fyrsti bekkur grunnskólans kemur í heimsókn í leikskólann í janúar og 5. bekkur kemur í leikskólann í nóvember. Frístundaheimilið er heimsótt á vorönn.

8 Foreldrasamvinna

Foreldraráð: Foreldrar þriggja barna auk leikskólastjóra sitja í foreldraráði. Samskipti hafa að mestu leyti farið fram í gengum tölvupóst. Foreldraráð tekur meðal annars þátt í því að ákvarða sumarleyfi leikskólans og að lesa yfir starfsáætlun. Einnig geta ýmis önnur mál komið inn á borð foreldraráðs.





Foreldrafundir: Tveir foreldrafundir voru haldnir að hausti, annars vegar fyrir nýja foreldra í skólanum og hins vegar fyrir alla foreldra. Báðir fundirnir voru haldnir seinnipart dags og mæting var ágæt. Deildarstjórar og annað starfsfólk deildanna kynnti skipulag vetrarins og svöruðu spurningum foreldra. Næsta haust er fyrirhugað að hafa fundi frekar fyrir hvern árgang í einu eða skipta hópnum upp eftir árgöngum.

Foreldraviðtöl: Í nóvember og desember voru allir foreldrar leikskólans boðaðir í viðtal til deildarstjóra eða annars starfsfólks viðkomandi deildar sem að foreldrar allra barna mættu. Í apríl og maí buðu svo allir deildarstjórar aftur upp á viðtal sem að flest allir foreldrar þáðu. Einnig er sérkennslustjóri oft með viðtöl, teymisfundir eru haldnir reglulega og foreldrar geta leitað til stjórnenda, deildarstjóra og sérkennslustjóra hvenær sem er og eru duglegir að nýta sér það.

Foreldrafélag: Við leikskólann er starfandi foreldrafélag og í stjórninni situr hópur foreldra auk leikskólastjóra sem er fulltrúi leikskólans. Foreldrafélagið hefur staðið fyrir ýmsum viðburðum eins og piparkökumálun í desember, skipulagt sveitiferð fyrir foreldra og börn í maí og haldið sumarhátíð á afmælisdegi leikskólans 7. júní sl. Einnig sá foreldrafélagið um að kaupa bækur sem jólasveinarnir gáfu börnunum í desember ásamt því að taka þátt í kostnaði við útskriftarferð elstu barnanna í maí. Foreldrafélagið hittist öðru hvoru en samskiptin fara líka fram í gengum hóp á facebook.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar eru eins og venjulega sex á hverju skólaári. Stjórnendur allra skóla í hverfinu hittast á vorönn og setja niður sameiginlega daga sem eru að lágmarki þrjú. Skipulagsdagar næsta skólaár eru:

Fimmtudagur 22. ágúst 2024. Helstu verkefni: starfsmannafundur, undirbúningur f. flutning barna á milli deilda, námskrárgerð.

Þriðjudagur 29. október 2024, sameiginlegur í hverfinu. Helstu verkefni: starfsmannafundur, grænu skrefin, námskrárgerð

Föstudagur 29. nóvember 2024. Helstu verkefni: námskrárgerð, endurmat á haustönn, hópefli starfsmannahópsins

Mánudagur 26. febrúar 2025, sameiginlegur í hverfinu. Helstu verkefni: starfsmannafundur, grænu skrefin, kynning á nýrri námskrá

Föstudagur 4. apríl 2025. Helstu verkefni: endurmat f. starfsáætlun, starfsmannafundir, jafningjafræðsla.

Föstudagur 30. maí 2025, sameiginlegur í hverfinu. Helstu verkefni: stefnt er á að fara í námsferð innanlands.





10 Fylgiskjöl

10.1 Umbótaáætlun deilda 2024-2025

Deild/aldur barna Græna-, Svarta- og Hvítadeild árgangur 2019 og 2020	
Umbótapáttur/matspáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	<u>Heilbrigði og vellíðan</u>
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	<ul style="list-style-type: none"> • Markvissar hreyfistundir úti / inni • Ferðir með báða árganga og tenging við jafnaldra inni í húsi
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	<ul style="list-style-type: none"> • Fara í ferðir með hópana einu sinni í viku • Hafa markvissar hreyfistundir úti eða inni a.m.k. einu sinni í viku þá bæði í formi jóga, gróf- og fínhyfinga
Ábyrgð	<ul style="list-style-type: none"> • Deildarstjóri en allir starfsmenn koma að.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	<ul style="list-style-type: none"> • Hausti 2024 – vor 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	<ul style="list-style-type: none"> • Að hreyfistundir séu fastur þáttur í starfinu • Að farið sé markvisst í ferðir með báða hópana
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	<ul style="list-style-type: none"> • Að börnin hafi ánægju af jóga, gróf og fínhyfistundum • Gátlistar sem snúa að hreyfiþroska bæði gróf- og fínhyfingum

Deild/aldur barna Græna-, Svarta- og Hvítadeild árgangur 2019 og 2020	
Umbótapáttur/matspáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	<u>Læsi</u>
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	<ul style="list-style-type: none"> • Gefðu 10 • Orðaspjall
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	<ul style="list-style-type: none"> • Daglega unnið með Gefðu 10 • Vera með framhaldssögu í hvíldinni og gera með því orðaspjall markvissara og sýnilegra





Ábyrgð	<ul style="list-style-type: none"> Deildarstjóri en allir starfsmenn koma að.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	<ul style="list-style-type: none"> Haust 2024 – vor 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	<ul style="list-style-type: none"> Endurmat á deildarfundi í janúar og framhaldið ákveðið
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	<ul style="list-style-type: none"> Að fyrir liggi skráningar á Gefðu 10 Ánægja og áhugi barnanna í sögustundum Ánægja barna og starfsfólks og að það nýti umhverfið sem viðbót við starfið á deildinni Aukinn orðaforði samhliða orðaspjallinu

Græna-, Svarta- og Hvítadeild Aldur 2019 og 2020	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Útinám
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	<ul style="list-style-type: none"> Markvissar útinámsferðir allan veturinn Tengja útinám við þema hópsins
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	<ul style="list-style-type: none"> Setja upp áætlun um ferðir Gera verkefni tengd sköpun, bæði í ferðinni og í tengslum við ferðina.
Ábyrgð	Deildarstjóri en allir starfsmenn koma að.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2024- Vor 2025
	Endurmat á deildarfundi í janúar og framhaldið ákveðið
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Skráning úr hverri fer sýnir bæði fjölda ferða og gæði ferðanna.





Guladeild Aldur 2019 og 2020	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Læsi
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	<ul style="list-style-type: none"> • Gefðu 10 • Lestrarskráning • Orðspjall • Lubbi
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	<ul style="list-style-type: none"> • Daglega unnið með gefðu 10 fyrir börn með fleiri en eitt tungumál og þau börn sem þess þurfa óháð tungumáli. • Skrá lestrarstundir fyrir hvert barn • Senda Lubba og bók heima með börnum til að hvetja foreldra til að lesa fyrir börnin sín. Við veljum orð vikunnar og tengjum það við máhljóð vikunnar. • Vinnum með eitt máhljóð á viku.
Ábyrgð	Deildarstjóri en allir starfsmenn koma að
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2024 – vor 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Endurmat á deildarfundi í janúar og framhaldið ákveðið
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	<ul style="list-style-type: none"> • Að skráningar á Gefðu 10 séu til • Að skráningar á lestrarstundum séu til. • Tökum eftir að orðaforði barna hafi aukist

Guladeild Aldur 2019 og 2020	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Útinám
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	<ul style="list-style-type: none"> • Markvissar útinámsferðir allan veturinn. • Tengja sköpun í útinám
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	<ul style="list-style-type: none"> • Setja upp áætlun um ferðir • Gera verkefni tengd sköpun, bæði í ferðinni og í tengslum við ferðina.





Ábyrgð	Deildarstjóri en allir starfsmenn koma að.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2024- Vor 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Endurmat á deildarfundi í janúar og framhaldið ákveðið
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Skráning úr hverri ferð sýnir bæði fjölda ferða og gæði ferðanna.

Guladeild	
Aldur 2019 og 2020	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Sköpun
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	<ul style="list-style-type: none"> • Meiri fjölbreytni í sköpun <ul style="list-style-type: none"> ○ Bæta inn tónlist
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	<ul style="list-style-type: none"> • Kynna tónlist og hljóðfæri fyrir þeim í markvissum tónlistarstundum • Flétta myndlist og dans inni tónlist • Nýta útinámsferðir sem kveikju fyrir allskonar sköpun.
Ábyrgð	Deildarstjóri en allir starfsmenn koma að.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	haust 2024 – vor 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	<ul style="list-style-type: none"> • Endurmat á deildarfundi í janúar og framhaldið ákveðið
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	<ul style="list-style-type: none"> • Afrakstur af sköpun • Myndræn skráning





Bláadeild og Rauðadeild Árgangar 2021, 2022 og 2023	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Útinám
Tækifæri til umbóta	Fleiri útinámsferðir með 2021 árgang. Sameiginleg útivera með 2022 árgang. Stutt skráning eftir hverja ferð.
Aðgerðir til umbóta	Vikuleg ferð með 2021 börn. Vikuleg sameiginleg útivera 2022 barna.
Ábyrgð	Deildarstjórar og allt starfsfólk.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2024 til vor 2025.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Rætt á deildarfundum. Farið yfir skráningar og myndir.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Tvær sameiginlegar ferðir í mánuði með 2021 árgang. Þekking barna á nærumhverfi.


Bláadeild og Rauðadeild Árgangar 2021, 2022 og 2023	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Læsi - Gefðu 10
Tækifæri til umbóta	Markvissar skráningar á Gefðu 10.
Aðgerðir til umbóta	Markvisst unnið með Gefðu 10 fyrir börn sem hafa fleiri en eitt tungumál og þau börn sem þess þurfa óháð tungumáli. Að Gefðu 10, bæði framkvæmd og skráningar, verði fastur hluti af dagskipulagi.
Ábyrgð	Deildarstjórar og allt starfsfólk.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2024 til vor 2025.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Skráningar á Gefðu 10. Metið á deildarfundum. Aðferðir til umbóta stöðugt í vinnslu.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Fjölgun skráninga á Gefðu 10.

Bláadeild og Rauðadeild Árgangar 2021, 2022 og 2023	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Læsi - Lubbi finnur málbein
Tækifæri til umbóta	Markvissari vinna með máhljóð og læsi.
Aðgerðir til umbóta	Vikulegar Lubbastundir fyrir árganga/árgangahópa. Lag fyrir máhljóð vikunnar sungið daglega.





	Lubbatengt efni gæti verið sýnilegra á veggjum og meira nýtt í daglegu starfi.
Ábyrgð	Deildarstjórar og annað starfsfólk vinnur með.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2024 til vor 2025.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Skráningar og myndir. Farið yfir á deildarfundum hvernig gengur. Aðferðir til umbóta stöðugt í vinnslu.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Fjöldi máhljóða sem tekin eru fyrir í hverjum mánuði.





10.2 Umsögn foreldraráðs

Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Til að byrja með vill foreldraráð hrósa því frábæra starfsfólki Hofs sem sér til þess að leikskólinn sé með þeim eftirsóttari leikskólum landsins. Þeim er annt um börnin og leggja mikið upp úr að skapa góðan leikskólabrag með áherslu á leik og jafnræði meðal barna. Mikið er lagt uppúr útiveru sem og tengingu við nærumhverfið. Vel hefur gengið að manna komandi leikskólaár og fá stjórnendur leikskólans hrós fyrir það. Einnig er okkar tilfinning að lagt sé mikið uppúr því að starfsfólki finni fyrir starfsánægju og ákveðnu stolti að starfa við skólann.

Það sem við í foreldraráði viljum koma á framfæri við stjórnendur hjá borginni er að tækjamál og almennt flækjustig er varðar tæknimál hjá skólanum, prentarar, ípad mál osvfr er gjörsamlega fráleitt og er það okkar skoðun að það sé óboðlegt að faglært fólk sem á að einbeita sér að menntun barna okkar á þessu mikilvæga stigi í þeirra skólagöngu sé að eyða orku í slík mál sem borgin á að sjá sóma sinn í því að axla ábyrgð á og tækla með miklu meiri festu en augljóslega er gert. Er það ekki hlutverk borgarinnar að styðja við starfsfólk leikskóla fremur en að íþyngja þeim með hlutum sem í eyru foreldraráðs hljóma eins og einföld verkefni sem eru gerð flókin.

Í starfsáætlun Hofs fyrir árið 2024-2025 er eins og áður ítarlega fjallað um þau verkefni sem unnin eru á skólaárinu og er foreldraráð mjög ánægt með þann mikla metnað sem lagt er í bæði starfsáætlun og sem hæst ber að nefna nýja námskrá. Mörg tækifæri og verkefni eru tekin fram í áætluninni sem verður ánægjulegt að fylgjast með. Foreldraráð tekur einnig eftir meiri samheldni milli deilda heldur en áður og er það til framdráttar. Vel er mannað í stöður deildarstjóra sem og kennara og er mikil ánægja með það.

Búið er að fara í endurbætur á húsakosti skólans og hefur það skilað sér í betri umhverfi fyrir börn sem og meiri starfsánægju kennara.

Við hvetjum enn og aftur stjórnendur borgarinnar að íþyngja ekki því mikilvæga starfsfólki sem starfsfólk leikskóla er heldur frekar að leita allra mögulega leiða til þess að létta undir. Þetta er krefjandi starf og getur reynt mjög á bæði líkamlega og andlega og því skiptir þetta mjög miklu máli í þessu starfsumhverfi.

Hlökkum til að fylgjast með komandi skólaári með svona flottan starfshóp leikskólans. Foreldraráð hefur lesið áætlun og hitt leikskólastjóra og vill hrósa Særúnu sérstaklega fyrir fagleg og skipulögð vinnubrögð sem og liðleika að hitta okkur og ræða málín.

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Fulltrúar í foreldraráði: Tinna Stefánsdóttir, Herbert Mckenzie Geirsson, Anna Kristín Einarsdóttir





Undirskrift fulltrúa í foreldraráði

Anna Kristín Einarsdóttir

Herbert Mckenzie Geirson

Tinna Stefánsdóttir

F. h. leikskólans Hofs.....

_____ Særún Ármannsdóttir 30.ágúst 2024 _____

Leikskólastjóri

Dagsetning





Leikskóladagatal 2024 - 2025

	ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ				
1 F	Sumarfrí - lokað	1 S	1 Þ	1 F	1 S Fullveldisdagurinn	1 M Nýársdagur	1 L	1 L	1 Þ	1 F Verkalýðsdagurinn	1 S				
2 F	Sumarfrí - lokað	2 M	2 M	2 L	2 M	2 F	2 S	2 S	2 M	2 F	2 M Sjómanna dagurinn				
3 L		3 Þ	3 F	3 S	3 Þ	3 F	3 M	3 M Boltudagur	3 F	3 L	3 Þ				
4 S		4 M	4 F	4 M Lestraráttak Lubba	4 M	4 L	4 Þ	4 Þ Sprengidagur	4 F Skipulagsdagur	4 S	4 M				
5 M	Frídagur verslunarmanna	5 F	5 L	5 Þ Lestraráttak Lubba	5 F	5 S	5 M	5 M Öskudagur	5 L	5 M Menningarvika	5 F Útskrift Flakkara				
6 Þ	Sumarfrí - lokað	6 F	6 S	6 M Lestraráttak Lubba	6 F	6 M Þrettándinn	6 F	Dagur leikskólans Leikskólaráðstefna	6 S	6 Þ Menningarvika	6 F Skólaslit grunnskóla				
7 M	Sumarfrí - lokað	7 L	7 M	7 F Lestraráttak Lubba	7 L	7 Þ	7 F	Dagur tónlistarskólans	7 M	7 M Menningarvika	7 L				
8 F	Opnað eftir sumarfrí	8 S Dagur læsis	8 Þ	8 F Baráttudagur gegn einelti, Lestraráttak Lubba	8 S	8 M	8 L	8 L	8 Þ	8 F Menningarvika	8 S Hvítasunnudagur				
9 F		9 M	9 M	9 L	9 M	9 F	9 S	9 S	9 M	9 F Ömmu- og afakaffi	9 M Annar í hvítasunnu				
10 L		10 Þ	10 F	10 S	10 Þ	10 F	10 M	10 M	10 F		10 Þ				
11 S		11 M	11 F	11 M Lestraráttak Lubba	11 M	11 L	11 Þ	Dagur íslenska táknaðsins	11 F	11 S	11 M				
12 M		12 F	12 L	12 Þ Lestraráttak Lubba	12 F	12 S	12 M	12 M	12 L	12 M Regnbogavika	12 F Sumarhátíð				
13 Þ		13 F	13 S	13 M Lestraráttak Lubba	13 F	13 M	13 F	13 F	13 S Pálmasunnudagur	13 Þ Regnbogavika	13 F				
14 M		14 L	14 M	14 F Lestraráttak Lubba	14 L	14 Þ	14 F	14 F	14 M	Dagur stærðfræðinnar	14 M Regnbogavika	14 L			
15 F		15 S	15 Þ	15 F Lestraráttak Lubba, Foreldrakaffi	15 S	15 M	15 L	15 L	15 Þ	15 F Regnbogavika	15 S				
16 F		16 M	Dagur íslenskrar náttúru	16 M	16 L	Dagur íslenskrar tungu	16 M	16 F	16 S	16 M	16 F Gleðiganga	16 M			
17 L		17 Þ	17 F	17 S	17 Þ	17 F	17 M	17 M	17 M	Tannverndarvika Foreldravíðtöl	17 F Skírdagur	17 L	17 Þ Lyöveldisdagurinn		
18 S		18 M	18 F	18 M Foreldravíðtöl	18 M	Jólaball	18 L	18 Þ	18 Þ	Tannverndarvika Foreldravíðtöl	18 F Föstudagurinn langi	18 S	18 M		
19 M		19 F	19 L	19 Þ Foreldravíðtöl	19 F		19 S	19 M	19 M	Tannverndarvika Foreldravíðtöl	19 L	19 M	19 F		
20 Þ		20 F	20 S	20 M Foreldravíðtöl	20 F		20 M	20 F	20 F	Tannverndarvika Foreldravíðtöl	20 S Páskadagur	20 Þ	20 F		
21 M	siðasti dagur Flakkara	21 L	21 M	21 F Foreldravíðtöl	21 L	21 Þ	21 F	21 F	21 F	Tannverndarvika Foreldravíðtöl	21 M Annar í Páskum	21 M	21 L		
22 F	Skipulagsdagur	22 S	22 Þ	22 F Foreldravíðtöl	22 S	22 M	22 L	22 L	22 L		22 Þ	22 F	22 S		
23 F		23 M	23 M	Bangsaball	23 L	23 M Þorláksmessa	23 F	23 S	Konudagur - upphaf Góu	23 S	23 M	23 F	23 M		
24 L		24 Þ	24 F	Vetrarfrí grunnskóla	24 S	24 Þ Aðfangadagur jóla	24 F Bóndadagur Þorrablót	24 M	Vetrarfrí grunnskóla	24 M	Foreldravíðtöl	24 F	Sumardagurinn fyrsti	24 L	24 Þ
25 S		25 M	25 F	Vetrarfrí grunnskóla	25 M	25 M	Jóladagur	25 L	25 Þ	Vetrarfrí grunnskóla	25 Þ	Foreldravíðtöl	25 F	25 S	25 M
26 M		26 F	26 L	Evrópski tungumáladagurinn	26 L	26 F	Fyrsti vetrardagur	26 Þ	Foreldravíðtöl	26 F	Annar í jólum	26 S	26 M	26 F	26 F
27 Þ		27 F	27 S		27 M	27 F	Foreldravíðtöl	27 F	27 M	27 F	Foreldravíðtöl	27 S	27 Þ	27 F	27 F
28 M		28 L	28 M	Vetrarfrí grunnskóla	28 F	28 L	Foreldravíðtöl	28 L	28 Þ	28 F	Foreldravíðtöl	28 M	28 M	28 L	28 L
29 F		29 S	29 Þ	Skipulagsdagur	29 F	29 S	Skipulagsdagur	29 S	29 M	29 L		29 Þ	29 F	Uppstigningardagur	29 S
30 F		30 M	30 M	30 L	30 M	30 F			30 S	30 M		30 M	30 F	Skipulagsdagur	30 M
31 L			31 F		31 Þ	Gamlársdagur	31 F		31 M			31 L			

Í reglum um leikskólaþjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrjú þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrjú geta verið ýmist hálfir dagar. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opin allur sumarið eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskólum.